

## LÖG

## um breyting á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við skilgreiningu á stofnbrautum í 12. gr. bætist:

Við það stofnbrautakerfi, sem þannig fæst, skal tengja með stofnbraut öll þéttbýli, sem hafa 400 íbúa eða fleiri, enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200—400 íbúa, ef tenging þeirra er ekki lengri en sem svarar 1 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu.

## 2. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 32. gr. falli niður.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal þá fella meginmál þeirra inn í vegalög, nr. 6 25. mars 1977, og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 23. mars 1983.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*

## LÖG

## um breyting á lögum um Búnaðarbanka Íslands, nr. 28/1976.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Starfsár Búnaðarbanka Íslands er almanaksárið. Ársreikning skal birta í ársskýrslum bankans og Stjórnartíðindum, en auk þess skal við hver mánaðamót birta yfirlit um efnahag bankans.

Ársreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans.

Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

## I. Launagreiðslur:

- a) Heildarlaunagreiðslur.
  - b) Föst yfirvinna.
  - c) Önnur yfirvinna.
  - d) Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.
- Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í lið a, b og c.

**II. Bifreiðakostnaður:**

- a) Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
- b) Notkun bílaleigubifreiða.
- c) Notkun leigubifreiða.
- d) Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

**III. Risnukostnaður:**

- a) Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
- b) Risna greidd samkvæmt reikningi.

**IV. Ferðakostnaður:**

- a) Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
- b) Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.

Einnig skal í ársreikningi koma fram svofelld sundurliðun á fjármunamyndun:

**Efnislegir fjármunir:**

- a) Húseignir, lóðir og lendur.
- b) Vélar, áhöld, húsgögn o. fl.
- c) Bifreiðar.
- d) Aðrar eignir.

Sundurliða skal framangreinda flokka þannig:

1. Keypt og byggt á árinu.
2. Selt á árinu.
3. Afskrifað og fært á rekstrarreikning.
4. Endurmat á árinu fært á endurmatsreikning.

Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. mars 1983.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Friðjón Þórðarson.*